

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá rafveitu Hafnarfjarðar.

158

26. sept.

#### 1. gr.

Fyrir notkun í september og þar til annað verður ákveðið innheimtist allir rafmagnsreikningar með 10% álagi.

Undantekin er þó notkun samkv. gjaldskrárlið D 1 um fulla húshitun.

#### 2. gr.

Aftan við gjaldskrárlið D 1 c, um rafmagn til fullrar húshitunar, bætist eftirfarandi málsgrein:

Verð þetta er miðað við útsöluverð kola 80 kr. pr. tonn, en heimilt er að breyta því hlutfallslega við útsöluverð kola í hverjum mánuði.

Aðrir taxtar til fullrar húshitunar breytast þannig:

Taxti D 1 a skal ávallt vera 40% hærri en D 1 c.

Taxti D 1 b skal ávallt vera 20% hærri en D 1 c.

Taxti D 1 d skal ávallt vera 10% hærri en D 1 c að degi til, en 20% lægri en D 1 c að nóttu til.

Taxti D 1 e falli úr gildi.

Taxti D 1 f skal ávallt vera 50% lægri en D 1 c

#### 3. gr.

Heimilt er að hækka hið lægra gjald samkv. töxtum B 2 og B 3 um meir en 10%, þannig að það verði jafnhátt breyttum taxta D 1 a.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. september 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

### um flutning líka.

159

27. sept.

#### 1. gr.

Enginn má taka til flutnings eða flytja lík milli sókna hér á landi utan Reykjavíkur, hvort sem er með skipi, bifreið eða öðrum flutningatækjum, né veita viðtöku líkum úr öðrum sóknum, nema gætt sé fyrirmæla þessarar reglugerðar.

#### 2. gr.

Búa skal um lík, sem flutt er á milli sókna, sem hér segir (sbr. þó 3. gr.): Líkið skal vera í hæfilega sterkri og endingargóðri loft- og lagarheldri málmkistu, en þar utan yfir sé traust og vönduð trékista og svo um búið, að málmkistan haggist ekki innan í trékistunni. Í botni trékistunnar sé að minnsta kosti 5 cm þykkt lag smárra hefilspóna, muldra viðarkola, mómoldar eða annars þess háttar, og